

REGLUR

um innkaup, vöruval, heildsölu og dreifingu tóbaks og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Hlutverk.

Hlutverk reglnanna er að ákveða og skýra vöruval ÁTVR með hliðsjón af ákvæðum laga og eftirspurn kaupenda og tryggja framleiðendum og birgjum möguleika á því að koma vörum í sölu í vínbúðum skv. ákvæðum reglugerðar nr. 883/2005 og í samræmi við heildarstefnu ÁTVR.

Reglur þessar eru settar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 883/2005 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og fyrirmælum laga nr. 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf með síðari breytingum og fyrirmælum laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

Í reglunum er útfærð stefna fyrirtækisins um samfélagslega ábyrgð sem miðar að því að draga úr neyslu tóbaks með ábyrgri vörumeðhöndlun og stýringu vöru inn á markaðinn.

Orðskýringar.

Söluflokkur: Röðun vöru í hóp eftir rétti til söluframboðs hjá ÁTVR. Dæmi: Kjarni.

Vöruflokkur: Skipan vöru í hóp eftir meginеinknum er tengjast mismunandi framleiðslu- aðferðum. Dæmi: Vindlingar, neftóbak.

Tóbakstegund: Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Winston Red, Winston Blue.

Sölutegund: Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskram ÁTVR. Dæmi: Winston Red, Winston Red 100's.

1. Flokkun tóbaks.

1.1 *Söluflokkar tóbaks.*

Tóbaki er deilt í fjóra söluflokka:

Kjarna.

Reynsluflokk.

Sérflokk.

Sérpantanir.

1.2 *Vöruflokkar tóbaks.*

Tóbaki í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflokkka:

90 Neftóbak.

91 Reyktóbak.

91.1 Píputóbak.

91.2 Annað reyktóbak.

92 Vindlingar.

92.1 Vindlingar, tjara frá 0 til og með 2 mg.

92.2 Vindlingar, tjara frá 2 til og með 4 mg.

92.3 Vindlingar, tjara frá 4 til og með 6 mg.

92.4 Vindlingar, tjara frá 6 til og með 8 mg.

92.5 Vindlingar, tjara frá 8 til og með 10 mg.

93 Vindlar.

93.1 Vindlar $\leq 2,5$ g/stk.93.2 Vindlar $> 2,5 \leq 3,5$ g/stk.93.3 Vindlar $> 3,5$ g/stk.

94 Skro

2. Söluflokkar tóbaks.2.1 *Kjarni.*

Í *kjarna* eru sölutegundir (vörunúmer) sem flust hafa úr reynsluflokki. Kjarninn er endurmetinn á fjögurra mánaða fresti, í janúar, maí og september ár hvert og skal nýtt vöruval koma til framkvæmda 1. febrúar, 1. júní og 1. október.

Nái sölutegund í *kjarna* ekki 0,2% af heildarsölu vöruflokks fellur hún úr *kjarna*. Miðað skal útreikning við sölu á undanförunum 12 mánuðum. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr *kjarna*, má selja sem um vöru í *kjarna* væri að ræða.

Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu tóbakstegundar boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær tilskildu söluhlutfalli en samanlögð sala tóbakstegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegund, sem birgir velur, haldast áfram í *kjarna* en aðrar sölutegundir falla út.

2.2 *Reynsluflokkur.*

Í *reynsluflokki* eru að jafnaði 40% af heildarfjölda allra sölutegunda vöruflokks sem eru í *kjarna*. Vara er í reynslusölu í allt að 24 mánuði. Þegar vara á reynslusölu tímabili hefur náð sölu sem nemur 0,2% af heildarsölu viðkomandi vöruflokks flyst hún í *kjarna*.

Vara sem á reynslusölu tímabili nær ekki 0,2% af heildarsölu viðkomandi vöruflokks fellur úr reynslusölu. Við útreikning skal miða við sölu í 12 heila mánuði næst á undan síðasta mánuði sölu tímans. Skal salan borin saman við heildarsölu vöruflokksins á sama tímabili.

Vara sem fellur úr reynslusölu skv. ákvæðum gr. 1.3 verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en a.m.k. 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt.

ÁTVR getur takmarkað fjölda tegunda í hverjum vöruflökki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu.

2.3 *Sérflokkur.*

Sérflokkur tekur til vöru sem keypt er inn til að auka fjölbreytni í úrvali vindla, pípu-tóbaks og annars reyktóbaks. Vöruráð tóbaks ákveður hvaða tegundir tóbaks eru faltar í sér-flokki. Sala vöru í sér-flokki telur ekki með þegar metinn er söluárangur í *kjarna* eða í reynslu-flokki.

2.4 *Sérpantanir.*

Sérpantanir. Tóbak sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

3. Tilboð um sölu á vöru í reynsluflokki.3.1 *Umsóknir.*

Sótt skal um hverja sölutegund á sérstöku eyðublaði „umsókn um reynslusölu tóbaks“. Í umsókn skal koma fram hvenær birgir óskar að sala hefjist. Sendi birgir tvö eða fleiri boð samtímis, skal hann skrá á tilboðsblöðin þá röð, sem hann óskar að fylgt verði við skráninguna.

Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð, magn tjöru og nikótíns, sé um vindlinga að ræða, þyngd vindla og kornastærð nefitóbaks.

3.2 *Sýnishorn.*

Sýnishorn, tvær sölueiningar ásamt vöruupplýsingum og vöruvottun, skulu send ÁTVR án endurgjalds, með umsókn um sölu á vöru. Heimilt er ÁTVR að samþykkja sýnishorn með fyrirvara um viðvörunarmerkingar á íslensku séu fyrstu sýnishorn ekki af endanlegri gerð. Próförk með endanlegu útliti skal þá fylgja umsókn.

3.3 *Úrvinnsla umsókna.*

Umsóknir um sölu vöru í reynsluflokki fara til vöruvalsnefndar tóbaks sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögnin skal fól þeim sem bauð fram vöruna.

3.4 *Niðurstaða úrvinnslu umsókna.*

Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim sem tilboð gaf niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, er birgi tilkynnt hvenær reynslusala hefjist og gengið frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur um sölu vöru í reynsluflokki skal gerður a.m.k. mánuði áður en reynslusala hefist. Í samningi skal tilgreint hver er upphafsdagur sölu.

4. Sérpantanir.

4.1 *Sérpöntun tóbaks.*

ÁTVR sérpantar tóbak af frísvæði eða frá innlendum birgjum fyrir einstaklinga til eigin neyslu. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.

4.2 *Viðvörunarmerkingar.*

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráðar séu viðvaranir um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar. ÁTVR skal tryggja að merkingar séu til staðar.

4.3 *Söluárangur.*

Sala sérpantaðrar vöru telst ekki með, þegar metinn er söluárangur í kjarna eða í reynsluflokki.

5. Vöruval vínbúða.

5.1 Vínbúðir sem selja tóbak eru nú samtals 22 og skulu allar virkar vörutegundir sem á sölu-skrá eru hverju sinni vera falar í öllum vínbúðum. Vínbúðir með tóbak eru: Heiðrún, Akureyri, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes, Keflavík, Austurstræti, Selfoss, Akranes, Borgarnes, Egilsstaðir, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Vestmannaeyjar, Blönduós, Dalvík, Húsavík, Höfn, Neskaupstaður, Ólafsvík, Patreksfjörður, Siglufjörður og Stykkishólmur. ÁTVR getur fjölgað eða fækkað sölustöðum sínum.

6. Skilmálar í viðskiptum við birgja.

6.1 *Vörukaupasamningar.*

Um samning um sölu á vöru gilda ákvæði innkaupareglna. Með undirritun vörukaupasamnings staðfesta birgjar að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og að þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Í vörukaupasamningi er kveðið á um aðfangaverð og afhendingu vöru.

6.2 *Verðlagning.*

Verð birgis til ÁTVR er án virðisaukaskatts og tóbaksgjalds. Við verðlagningu vöru hjá ÁTVR fer fram álagning tóbaksgjalds. Heildsöluálagning ÁTVR á tóbak er ákveðin af fjármála-

ráðherra og er við gildistöku þessara reglna 18%. Virðisaukaskattur er 24,5% og leggst á verð birgja, tóbaksgjald og heildsöluálag ÁTVR.

6.3 *Greiðsla vöru.*

ÁTVR greiðir vöru í kjarnasölu 15. dag hvers mánaðar og miðast greiðsla við reikninga næsta mánaðar á undan. Þeir sem bjóða vöru í reynslusölu skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana reynslutímann. ÁTVR greiðir birgi mánaðarlega, í síðasta lagi 10. dag mánaðar, andvirði seldrar vöru í mánuðinum á undan. Birgjar skuldbinda sig einnig til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans. Verði vara valin í kjarna fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir.

6.4 *Pöntun og afhending.*

Í vörukaupasamningi er tilgreint hvenær sala vöru til ÁTVR hefst. Pöntun skal staðfest formlega og með staðfestingu skulu fylgja upplýsingar um afhendingartíma. Berist ÁTVR ekki staðfesting eða vara er ekki tilbúin til afhendingar af frísvæði innan 60 daga frá pöntun fellur samningur um vöruna úr gildi. Sé vara sem verið er að hefja á sölu í reynsluflokki ekki tilbúin til afhendingar af frísvæði a.m.k. fjórum dögum fyrir upphafsdag sölu skv. samningi fellur samningurinn úr gildi.

6.5 *Áletranir og umbúðir.*

Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög og reglur, og reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki, EAN eða UPC, verða að vera á hverri sölueiningu og á hverjum kassa (ytri umbúðum).

6.6 *Viðvörðunarkerkingar.*

ÁTVR skal tryggja að allt tóbak sem flutt er inn frá útlöndum eða framleitt hér á landi, hvort heldur unnið eða óunnið, sé merkt. Um viðvörðunarkerkingar á umbúðum tóbaks fer skv. gildandi reglugerð hverju sinni (nr. 236/2003). Birgir greiðir ÁTVR sérstakt merkingagjald sé merkingum ábótavant. Sérstakt merkingargjald leggst við kostnaðarverð sérpantaðrar vöru ef við á.

6.7 *Tollafgreiðsla og afhending.*

ÁTVR er einni heimilt að selja tóbak innanlands í heildsölu. Allt innflutt tóbak sem ætlað er til aðvinnslu eða sölu innanlands skal geymt í vörslu farmflytjanda, í tollvöruheimsölu eða á frísvæði þar til ÁTVR óskar eftir því til heildsöludreifingar. Vörsluhöfum tóbaks er óheimilt að afhenda öðrum en starfsmönnum ÁTVR innflutt tóbak. Vörsluhöfum tóbaks er óheimilt að afhenda ÁTVR innflutt tóbak fyrr en að fenginni afhendingarheimild tollstjóra. ÁTVR skal senda farmflytjendum og forstöðumönnum tollvöruheimsölu og frísvæða skrá með nöfnum þeirra starfsmanna sem hafa heimild til þess að veita tóbaki viðtöku.

6.8 *Vörubreytingar.*

Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímans nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fáa hún nýtt efnainnihald, breytta stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar. Birgir skal senda inn formlegt erindi óski hann eftir að breyta útliti, stærð eða eiginleikum vöru.

6.9 Kornastærð.

ÁTVR kaupir ekki fínkornótt neftóbak og ekki munntóbak, að undanskildu skrotóbaki, sbr. reglugerð nr. 325/2007.

6.10 Tjörumagn.

Vindlingur má ekki gefa frá sér meira magn tjöru en 10 mg, 1 mg af nikótíni og 10 mg af kolsýringi, sbr. reglugerð nr. 236/2003.

6.11 Verðbreytingar

ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni www.vinbud.is. Verðskrá inniheldur leiðbeinandi lágmarksverð í smásölu. ÁTVR breytir útsöluverði sínu að jafnaði fyrsta dag hvers mánaðar. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega til ÁTVR eigi síðar en tuttugasta dag hvers mánaðar á undan verðbreytingadegi. ÁTVR getur til 1. apríl heimilað birgjum að breyta verði sínu oftar ef sérstakt tilefni er til.

7. Ábyrgð á vöru.

7.1 Ábyrgð vöru.

Um ábyrgð gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.

7.2 Vöruskil.

Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku, vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.

Taki birgir eigi til sín gallaða vöru eða vöru sem ekki hefur selst nægilega í reynsluflokki áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna.

Sæki birgir ekki vöruna innan tveggja vikna frá því að honum var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín er ÁTVR heimilt að láta eyða vörunni á hans kostnað. ÁTVR er ennfremur heimilt að skuldajafna þeim kostnaði móti andvirði sölu á vörum birgis.

8. Gildistaka.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 796/2002, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar.

Reykjavík, 3. desember 2008.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,

Ívar J. Arndal forstjóri.

Með vísan til 23. gr. reglugerðar nr. 883/2005, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, eru reglur þessar hér með staðfestar og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 5. desember 2008.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Þórður Reynisson.